

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*  
**Starfsleyfisskilyrði fyrir dagvistun 6-10 barna í heimahúsum.**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

### **2. Húsnæði og búnaður**

- 2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðarhúsnæði og má ekki vera í beinu sambandi við starfsemi sem hætta eða óþægindi geta stafað af né þannig staðsett að starfsemin verði fyrir óþægindum vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
- 2.2 Ef um fjölbýlishús/raðhús er að ræða skal liggja fyrir samþykki meðeigenda/nágranna fyrir starfseminni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Leiksvæði fyrir hvert barn skal vera a.m.k. 3,0 m<sup>2</sup> gólfflatar.
- 2.5 Eldhús skal búið fullnægjandi innréttingu og tækjum.
- 2.6 Aðstaða þarf að vera til bleyjuskipta þar sem gott aðgengi er að handlaug. Þar skal vera fljótandi sápa og gerileyðir.  
Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum þannig að hiti fari ekki yfir 38°C við töppunarstað.

### **3. Hreinlæti og þrif**

- 3.1 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.2 Húsakynni skulu þrífín daglega og alsherjarhreingerning skal fara fram a.m.k einu sinni á ári.
- 3.3 Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar í hvers konar dagvistun barna.

### **4. Öryggi og slysavarnir**

- 4.1 Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæðið þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.
- 4.2 Lyf, vítamín og skyld efni skulu geymd í læstri hirslu.
- 4.3 Öll hættuleg efni svo sem ræstiefni, málningarvörur og aðrar efnavörur svo og öll hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd í öruggri hirslu þar sem börn

ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.

- 4.4 Mögulegt á að vera að hindra aðgang barna að eldhúsi og gólfflötur eldhúss skal ekki vera leiksvæði barna.
- 4.5 Opnanlegir gluggar skulu vera þannig gerðir að ekki stafi af þeim hætta.
- 4.6 Öryggishlið skulu vera fyrir stigum. Handrið skulu þannig frágengin að ekki valdi slyshættu. Bil milli rimla má ekki vera á bilinu 9-23cm. Festa ber hillur, eldavélar o.þ.h. við vegg þannig að ekki sé hætta á falli.
- 4.7 Plöntur inni og úti mega ekki geta valdið börnunum skaða.
- 4.8 Rafmagnstenglar skulu varðir og þannig frágengnir að börnum stafi ekki hætta af og forðast skal lausar snúrur og millistykki.
- 4.9 Sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum skal vera til staðar.
- 4.10 Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## 5. Leikföng og leiksvæði

- 5.1 Leikföng skulu vera CE-merkt, hæfa aldri barna og þannig gerð að ekki skapi hættu. Leikföng skulu vera í lagi og þrífni á fullnægjandi hátt.
- 5.2 Litir og fönðurefni mega ekki innihalda skaðleg efni. Andlitslitir og önnur efni sem notuð eru á húð skulu hafa innihaldslýsingu auk CE merkingar.
- 5.3 Lóð skal vera afgirt þar sem hún er jafnframt leiksvæði barna.
- 5.4 Þar sem leiktæki eru á lóð skulu þau standast kröfur um öryggi leiktækja.
- 5.5 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar á [www.ust.is](http://www.ust.is).

## 6. Umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 6.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 776/1998 um snyrtivörur, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):** 85.32.1 Daggæsla í heimahúsum